

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 657/2013

2014/EES/4/36

frá 10. júlí 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 um kröfur um bil milli talrása í samevrópska loftrýminu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin)⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin)⁽²⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012⁽³⁾ er gerð krafa um samræmda innleiðingu talfjarskipta milli loftfara og stöðva á jörðu niðri, sem byggist á minnkuðu 8,33 kHz bili milli rása, með það að markmiði að fjölga tiltækum tíðnum í talfjarskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri sem og að gera kleift að fjölga undirsvæðum loftrýmis og auka afkastagetu flugumferðarstjórnar í tengslum við það.
- 2) Með ákvæði 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1079/2012 var ætlunin að skylda aðildarríkin, sem skráð eru í I. viðauka, að setja markmið þar sem ákveðinn fjöldi nýrra tíðnibreytinga með 8,33 kHz bili milli rása samsvarar a.m.k. 25% af heildarfjölda úthlutaðra tíðna með 25 kHz bili milli rása sem úthlutað er til allra flugstjórnarmiðstöðva innan aðildarríkis. Þó má túlka skylduna í gildandi, birtum texta í 3. mgr. 6. gr. sem

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 14.

svo að hún sé ekki eins viðtæk, sem getur þýtt að krafan um að skapa fleiri tíðnir minnkar umtalsvert hjá þeim aðildarríkjum þar sem eru fleiri en ein flugstjórnarmiðstöð.

- 3) Markmiðið með breytingunni er að 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1079/2012 verði skýrari og því skal upprunalegur gildistöðudagur þeirrar gerðar standa.
- 4) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1079/2012:

„3. Aðildarríki, sem skráð eru í I. viðauka, skulu, eigi síðar en 31. desember 2014, hringa í framkvæmd ákveðnum fjölda nýrra tíðnibreytinga með 8,33 kHz bili milli rása eða sem samsvarar a.m.k. 25% af heildarfjölda úthlutaðra tíðna með 25 kHz bili milli rása, sem skráðar eru í miðlægu skrána og úthlutað til flugstjórnarmiðstöðva (ACC) innan aðildarríkis. Þessar tíðnibreytingar skulu ekki takmarkast við tíðniúthlutanir til flugstjórnarmiðstöðva og skulu ekki ná yfir tíðniúthlutanir vegna flugrekstrarlegra fjarskipta.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 7. desember 2012.